

Dags. 5.sept. 2023

Umsókn um leyfi til að fá að losa uppgröft úr lóð.

Nestak óskar eftir því að fá leyfi að losa moldarefni sem fellur til við lóðargerð við Sólbakka 2-6 í land sem er neðan við Sæbakka.

Sótt er um að fá að losa efnið á svæði þar sem hugmyndir eru um strandstíg neðan við byggðina.

Nestak sér um að flytja efnið á staðinn, en sveitarfélagið sér um að fínjafna og sá í svæðið.

Allnokkur flöt er neðan við Sæbakka 2-10. Á þessu svæði var áður losað sorp. Á meðfylgjandi mynd er afmarkað gult svæði ca 100 m langt og 15 m breitt.

Auðveldlega væri hægt að koma fyrir á svæðinu 1.500 m³ af efni.

Rök fyrir því að fara í landmótun á þessu svæði:

- Auka jarðefni ofaná gömlum sorphaugum sem þarna eru.
- Minnka gegnumakstur vörubíla í gegnum allt þéttbýlið, með tilheyrandi sliti fyrir götur bæjarins.
- Bæjarfélagið getur nýtt efnið til að búa til jafnari flöt neðan við hverfið, en þar er stór hvos sem hægt væri að jafna efni í.
- Auka nýtingarmöguleika svæðisins, s.s. nýta efnið til fyllingar undir strandstíg sem oft hefur verið rætt um í bæjarfélaginu.

Nestak myndi sjá um að flytja efnið á staðinn en sveitarfélagið myndi sjá um að fínjafna og sá í svæðið.

Hafi sveitarfélagið áhuga á þessu þá myndi fyrirkomulagið ákveðast nánar í samráði við sveitarfélagið.

Fyrir hönd Nestaks,

Eiríkur Simonsen



Svæðið sem hægt væri að losa efnið er markað með gulum feril



Horft yfir svæðið til austurs neðan við kirkjugarð í átt að svæðinu neðan við Sæbakka